

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 72/2010

frá 11. júní 2010

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2010 frá 30. apríl 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/126/EB frá 19. desember 2008 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/87/EB um tæknilegar kröfur vegna skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/46/EB frá 24. apríl 2009 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/87/EB um tæknilegar kröfur vegna skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/56/EB frá 12. júní 2009 um leiðréttingu á tilskipun 2008/126/EB um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/87/EB um tæknilegar kröfur vegna skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum, að því er varðar lögleiðingardag hennar ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/100/EB frá 16. september 2009 um gagnkvæma viðurkenningu á siglingaleyfum skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum ⁽⁵⁾.
- 6) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/100/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 76/135/EBE ⁽⁶⁾ en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

l. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 19, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 32, 31.1.2009, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 109, 30.4.2009, bls. 14.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 150, 13.6.2009, bls. 5.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 259, 2.10.2009, bls. 8.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 21, 29.1.1976, bls. 10.

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 47a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/87/EB):

„– **32008 L 0126**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/126/EB frá 19. desember 2008 (Stjtíð. ESB L 32, 31.1.2009, bls. 1), eins og henni var breytt með:

– **32009 L 0056**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/56/EB frá 12. júní 2009 (Stjtíð. ESB L 150, 13.6.2009, bls. 5).

– **32009 L 0046**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/46/EB frá 24. apríl 2009 (Stjtíð. ESB L 109, 30.4.2009, bls. 14).“

2. Texti 48. liðar (tilskipun ráðsins 76/135/EBE) hljóði svo:

„**32009 L 0100**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/100/EB frá 16. september 2009 um gagnkvæma viðurkenningu á siglingaleyfum skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum (Stjtíð. ESB L 259, 2.10.2009, bls. 8).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2008/126/EB, 2009/46/EB, 2009/56/EB og 2009/100/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.